

Föstudaginn 8. marz 1946.

Nr. 64/1945. **Guðmundur Jóhannsson**

(Hrl. Theódór B. Lindal)

gegn

Ólafi Halldórssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen
og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyj-
ólfssonar.

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. maí f. á. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða hæfilegar bætur eftir mati dómsins og að honum verði þá dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi skýrir svo frá, að bifreið áfrýjanda hafi staðið kyrr, er hann gekk eða hljóp að henni og kastaði böndum þeim, sem í málinu getur, upp á pall bifreiðarinnar, en rétt í því hafi hann fallið og í sömu andránni hafi bifreiðinni verið ekið af stað og slysið þá orðið. Þessari skýrslu stefnda hefur ekki verið hnekk, enda er það játað af áfrýjanda, að hann hafi numið staðar með bifreið sína, en eftir því virðast lögreglumenn þeir, er viðstaddir voru, ekki hafa tekið.

Telja verður, að aðalorsök slyssins megi rekja til óhappatilviljunar og ógætni stefnda. Hins vegar er ekki fram kominn full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði litast um, áður en hann ók af stað. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða

stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 900 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnda, Ólafi Halldórssyni, 900 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Ólafur Halldórsson verkamaður, Bræðraborgarstíg 23 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttumleitan, með stefnu, útgefinni 27. júní 1944, svo og framhaldsstefnu, útgefinni 7. febrúar s. l., gegn Guðmundi Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Bakkastíg 5 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 25211.27, en *til vara* aðra lægri fjárhæð að mati dómarans með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 23. júní 1944 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt í máli þessu til réttargæzlu, en siðarnefnd bifreið stefnda, R 2471, er tryggð hjá því félagi.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að þann 1. september 1943 hafi hann verið að starfi við uppskipun hjá Eimskipafélagi Íslands h/f. Unnið hafi verið að uppskipun úr skipi einu, er hafi legið austan við Grófarbryggju hér í bænum. Kveðst stefnandi hafa unnið við lest nr. I, og hafi starfi hans verið í því fölginn að vera á bryggjunni ásamt öðrum manni, taka á móti vörunum, þegar þær kæmu í „stroffunum“ út yfir bryggjuna, setja vörurnar á pall bifreiða þeirra, er óku burt með þær, og krækja „stroffunum“ af króknum. „Stroffurnar“ hafi verið látnar vera kyrrar á vörunum, þegar á bifreiðarpallinn kom, og ekið þannig á brott, en bifreiðarnar hafi síðan komið aftur með „stroffurnar“, er þær höfðu verið losaðar. Rigning hafi verið umræddan dag og sleipt á bryggjunni, enda verið að skipa upp mjölvöru. Um kl. 21.20 segir stefnandi, að vöruflutningabifreiðinni R 2471, sem er eign stefnda og vann við brottakstur varanna, hafi verið ekið fram bryggjuna

hægra megin og síðan sveigt til vinstri inn á bryggjuna, til þess að aka aftur á bak að lestinni. Er bifreiðin hafi verið komin milli ljósastaura, sem eru þar á bryggjunni, hafi hún stöðvazt. Kveðst stefnandi þá hafa séð, að „stroffa“ lafði út af bifreiðarpallinum og dróst í bleytuna. Hafi hann þá hlaupið að bifreiðinni og kastað „stroffunni“ upp á pallinn, svo að hún óhreinkaðist ekki og spillti vörunum. Stefnandi kveðst þá hafa staðið framanvert við hægra afturhjól bifreiðarinnar, en í þessu hafi bifreiðinni verið ekið áfram og hann fallið á bryggjuna. Hafi þá hægra afturhjólið farið yfir vinstri fót sinn og brotið hann. Stefnandi var síðan fluttur í sjúkrahús, og lá hann þar til 31. desember 1943, er hann fór heim til sín. Hafði hann þá ferlivist, en var undir læknishendi og sótti nudd og rafmagnsaðgerðir vegna meiðslanna til 2. maí s. l. Vinnu hóf stefnandi aftur þann 4. maí 1944.

Stefnandi telur, að stefndi, sem ók bifreiðinni í umrætt sinn, eigi alla sök á slysi þessu, og beri honum því samkvæmt ákvæðum 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 að bæta sér allt það tjón, sem af því hafi hlótið.

Stefndi, sem, eins og áður getur, ók sjálfur bifreiðinni, R 2471, í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er hann ók niður bryggjuna hægra megin, hafi hann séð, að önnur bifreið var við lestaropið að taka á móti vörum, og hafi verið um það bil lokið við að ferma hana. Hafi hann þá stöðvað bifreið sína örstutta stund, meðan bifreið þeirri, er fyrir var, var ekið frá. Kveðst stefndi hafa séð stefnanda fara niður af þeirri bifreið og standa á að gizka 4—5 metra frá sér á bryggjunni. Stefndi kveðst þá hafa ekið hægt áfram og sveigt til vinstri inn á bryggjuna, en er hann hafi verið kominn um 1 bifreiðarlengd áfram, hafi hann fundið, að bifreiðin hoppaði á einhverju. Hafi hann þá samstundis stöðvað bifreiðina, farið út, og hafi þá komið í ljós, að hægra afturhjól bifreiðarinnar hafði farið yfir vinstri fót stefnanda, og lá hann þar rétt fyrir aftan hjólið. Stefndi segir, að hann hafi ekki orðið var við, að „stroffurnar“ drægjust í umrætt sinn.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi farið út fyrir sinn verkahring með því að hlaupa að bifreiðinni, meðan hún var á ferð og áður en hún var komin á þann stað, er hún átti að vera á. Með þessu atferli sínu, er hann (stefndi) hafi alls ekki getað gert ráð fyrir, hafi stefnandi hagað sér svo ógætilega, að slysið sé að engu leyti sér að kenna, og hefði, eins og á stóð, hlótið að verða, hvernig sem hann hagaði sér við aksturinn. Sé því ekki um neina vangæzlu að ræða af sinni hálfu.

Tveir lögregluþjónar voru staddir þar á bryggjunni, þegar umrætt slys varð. Hafa þeir skýrt svo frá, að bifreiðinni R 2471 hafi verið ekið mjög hægt fram bryggjuna og síðan beygt inn á hana til að aka aftur á bak að skipinu. Í því að bifreiðin beygði, hafi

stefnandi hlaupið að bifreiðinni og ætlað að laga „stroffu“, er var á bifreiðarpallinum, en runnið til, þar sem hált hafi verið á bryggjunni. Hafi hann dottið og lent undir bifreiðinni, þannig að hægra afturhjólið hafi farið yfir vinstri fót hans. Annar þessara lögregluþjóna hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi séð „stroffuna“ lafa út af bifreiðarpallinum hægra megin, um miðju hans, en stefnandi muni hafa dottið, rétt í því hann ætlaði að taka í „stroffuna“.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skal sá, er ábyrgð ber á bifreið, bæta það tjón, er hlýzt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hafi eigi orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Í 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur segir, að þar sem vegur er sleipur og þar sem umferð er mikil, skuli bifreiðarstjóri gæta sérstakrar varúðar við akstur.

Svo sem að framan greinir, var mjög hált á bryggjunni, þegar slys þetta varð, umferð mikil og margt manna að vinna þar. Stefndi bar því að sýna sérstaka aðgæzlu við aksturinn. Stefndi hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa aðeins horft beint fram á eftir bifreið þeirri, er á brottu ók, þegar hann ók af stað til að beygja inn á bryggjuna. Það er að visu fram komið, að stefndi ók mjög hægt í umrætt sinn, en telja verður, að hefði hann litið vel í kringum sig, um leið og hann ók af stað, séu líkindi til, að slysinu hefði orðið afstýrt.

Samkvæmt þessu og með skirskotun til hinna tilvitnuðu laga-greina verður að telja, að stefndi eigi nokkra sök á því, hvernig fór, og verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Svo sem að framan greinir, telja lögregluþjónar þeir, er voru áhorfendur að slysinu, að bifreiðin hafi verið á ferð, þegar stefnandi gekk að henni, og þykir verða að leggja það til grundvallar. Stefnandi virðist hafa gengið aftan að bifreiðinni og að henni, án þess að vekja á sér eftirtekt bifreiðarstjórans á nokkurn hátt, sem honum þó bar að gera, þar sem hann ætlaði að laga áðurnefnda „stroffu“ á pallinum. Auk þess vissi hann, að mjög hált var á bryggjunni, og því ástæða til að sýna sérstaka varkárni. Telja verður, að með þessu framferði sínu hafi stefnandi hagað sér þannig og sýnt svo mikla óvarkárni, að hann eigi sjálfur megin-sök á, hvernig fór.

Með skirskotun til alls þessa svo og annars þess, sem fram er komið í málinu, verður að telja, að báðir aðiljar eigi sök á slysi þessu, og þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi beri $\frac{1}{3}$ hluta sakar og bótaábyrgð samkvæmt því, en stefnandi beri $\frac{2}{3}$ hluta sakar og beri tjón sitt sjálfur að því leyti (sbr. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941).

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnumissir		kr. 18096.27
2. Sjúkrahússvist		— 1815.00
3. Lækniskostnaður		— 900.00
4. Þjáningarbætur		— 4000.00

Kr. 25211.27 (sic)

Um 1. Svo sem að framan greinir, lá stefnandi á sjúkrahúsi frá slysdegi til 31. des. 1943, að hann fór heim til sín, en síðan var hann undir læknishendi til 2. maí 1944. Vinnu hóf hann þann 4. maí og hefur unnið síðan. Þann 26. maí f. á. var stefnandi skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingaryfirlækni, og telur hann, að stefnandi hafi verið óvinnufær til 4. maí s. á., en að varanleg örorka hljótist ekki af meiðslinu.

Stefnandi, sem stundar hafnarvinnu sem aðalatvinnu, skýrir svo frá, að 4 undanfarin ár hafi það verið fastur siður bæði hjá Eimskipafélagi Íslands h/f og firmanu H. Benediktsson & Co., að hann væri tekinn til starfa hjá þessum aðiljum með öðrum manni, og hafi þeir ætíð haft sömu vinnu og sama kaup, en langmestur hluti vinnu þeirra hafi verið hjá þessum fyrirtækjum. Þessi samstarfsmaður sinn hafi frá slysdegi til áramóta haft í kaup hjá áðurgreindum fyrirtækjum kr. 7873.52 og frá áramótum til 4. maí f. á. kr. 10222.75, eða alls kr. 18096.27 fyrir þann tíma, er hann (stefnandi) var frá verkum. Telur stefnandi, að hann hefði að minnsta kosti haft sömu tekjur umgetinn tíma.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og talið, að ekki beri að reikna atvinnutjón stefnanda í þessu sambandi meir en nemi kaupi meðalverkamanns á þessum tíma, eða um kr. 1200.00 til 1400.00 á mánuði. Þá hefur stefndi krafizt þess, að liður þessi verði lækkaður með tilliti til hugsanlegra frátafa vegna veikinda svo og þess, að stefnanda verði ívilnað í sköttum vegna slyssins.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð verkstjóra beggja fyrirtækja þeirra, er áður greinir, og votta menn þessir, að föst regla hafi verið, að nefndir menn hafi alltaf verið teknir saman til vinnu. Vottorðum þessum hefur ekki verið sérstaklega mótmælt né tekjuhæð greinds samstarfsmanns stefnanda, og verða því skýrslur stefnanda um þessi atriði lagðar til grundvallar. Með tilliti til þessa svo og þess, að gera má ráð fyrir, að stefnandi hefði orðið fyrir einhverjum frátöfum frá vinnu á greindu tímabili, þykja bætur fyrir atvinnutjón hæfilega metnar kr. 17000.00.

Um 2. Liður þessi er viðurkenndur og verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3. Í greinargerð stefnda í málinu mótmælti stefndi lið þessum á þeim grundvelli, að stefnandi ætti ekki aðild til innheimtu þessarar kröfu. Í hinum munnlega málflutningi var af hálfu stefnda

fallið frá þessum mótmælum, en liðnum nú mótmælt sem of háum.

Af stefnanda hálfu var hins vegar talið, að mótmæli þessi væru of seint fram komin.

Þar sem telja verður, að fullt tilefni hefði verið fyrir stefnda að koma áður fram með þessi mótmæli, verður samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fallast á þá skoðun stefnanda, að þau séu of seint fram komin. Verður því ekkert tillit tekið til mótmælanna og þessi liður tekinn til greina óbreyttur.

Um 4. Svo sem áður getur, brotnaði stefnandi á vinstri fæti. Brotið var lokað, en bein gerðist seint, og lá hann í gipsi í rúma þrjá mánuði. Hins vegar virðist brotið hafa gróið vel, þegar frá leið, og fóturinn hafa orðið svo til jafn góður. Stefnandi er 46 ára að aldri og hefur verið heilsuhraustur.

Með tilliti til þessa svo og annars þess, er fram hefur komið í málinu, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Samkvæmt framanrituðu hefur tjón stefnanda vegna slyss þessa numið kr. 22215.00 (kr. 17000.00 + kr. 1815.00 + kr. 900.00 + kr. 2500.00), og ber stefnda að greiða $\frac{1}{2}$ hluta þess, eða kr. 7405.00.

Stefnandi hóf málssókn þessa með sáttakæru, útgefinni 23. júní s. l., en stefna var útgefin 27. s. m. Í sáttakæru þessari og stefnu er stefndi aðeins krafinn greiðslu á kröfum þeim, er greinir í 1., 2. og 3. lið hér að framan, og verður stefndi því dæmdur til að greiða vexti frá sáttakærudegi af fé því, er honum ber að greiða samkvæmt þessum liðum. Með framhaldsstefnu, útgefinni 7. febrúar s. l., krafði stefnandi stefnda um greiðslu á kröfu þeirri, er greinir í 4. lið hér að framan, og krafðist þar vaxta frá stefnudegi. Verður því stefnda aðeins gert að greiða vexti frá þeim degi af fé því, er honum ber að greiða samkvæmt þeim lið.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7405.00, með 5% ársvöxtum af kr. 6571.67 frá 23. júní 1944 til 7. febrúar 1945 og af kr. 7405.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, Ólafi Halldórssyni, kr. 7405.00 með 5% ársvöxtum af kr. 6571.67 frá 23. júní 1944 til 7. febrúar 1945 og af kr. 7405.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.